

MENNING

Morgunblaðið

BÓKASALA

23. - 29. nóv.

Röð

Titill/ Höfundur/ Útgefandi

1 Kleifarvatn/ Arnaldur Indriðason/ Vaka-Helgafell

2 Öðruvísi fjölskylda/ Guðrún Helgadóttir/ Vaka-Helgafell

3 Útkall-Týr er að sökkva/ Óttar Sveinsson/ Útkall ehf.

4 Heimsmetabók Guinness/ / Vaka-Helgafell

5 Sakleysingjarnir/ Ólafur Jóhann Ólafsson/ Vaka-Helgafell

6 Barn að eilífu/ Sigmundur Ernir Rúnarsson/ JPV útgáfa

7 Dauðans óvissi tími/ Þráinn Bertelsson/ JPV útgáfa

8 Fiasól í finum málum/ Helga Kristín Gunnarsdóttir/ Mál og menning

9 Arabíukonur/ Jóhanna Kristjónsdóttir/ Mál og menning

10 Englar og djöflar/ Dan Brown/ Bjartur

Einstakir flokkar: ÍSLENSK OG ÞÝDD SKÁLDVERK

1 Kleifarvatn/ Arnaldur Indriðason/ Vaka-Helgafell

2 Sakleysingjarnir/ Ólafur Jóhann Ólafsson/ Vaka-Helgafell

3 Dauðans óvissi tími/ Þráinn Bertelsson/ JPV útgáfa

4 Englar og djöflar/ Dan Brown/ Bjartur

5 Baróninn/ Þórarinn Eldjárn/ Vaka-Helgafell

6 Karítas án titils/ Kristín Marja Baldursdóttir/ Mál og menning

7 Belladonnaskjalið/ Ian Caldwell, Dustin Thomson/ JPV útgáfa

8 Bítlaávarpið/ Einar Már Guðmundsson/ Mál og menning

9 Da Vinci Lykillinn/ Dan Brown/ Bjartur

10 Með köldu blóði/ Ian Rankin/ Skrudda

ÍSLENSK OG ÞÝDD LJÓÐ

1 Jólin koma/ Jóhannes úr Kötlum/ Mál og menning

2 Kátt er um jólin/ Setberg

3 Andræði/ Sigfús Bjartmarsson/ Bjartur

4 Niðurfall og þættir af hinum dularfulla Manga/ Haukur Ingvarsson/ Mál og m.

5-7 101 vísnaþáttur úr DV/ Ragnar Ingi Aðalsteinsson/ Bókautgáfan Hólar

5-7 Hávamál/ / Vaka-Helgafell

5-7 Sálmaþók íslensku kirkjunnar/ / Skálholtsútgáfan

8 Hjarta þitt er stjarna sem skín í heila mínum/ Lukas Moodysson/ PP forlag

9-12 Bláin/ Steingerður Guðmundsdóttir/ JPV útgáfa

9-12 Eddukvæði/ / Mál og menning

9-12 Í ljós/ Hallgerður Gísladóttir/ Salka

9-12 Passíusálmar/ Hallgrímur Pétursson/ Hið íslenska biblíufélag

ÍSLENSKAR OG ÞÝDDAR BARNA- OG UNGLINGABÆKUR

1 Öðruvísi fjölskylda/ Guðrún Helgadóttir/ Vaka-Helgafell

2 Fiasól í finum málum/ Kristín Helga Gunnarsdóttir/ Mál og menning

3 Kaffeinn Ofurbrók og þrjálaða brókarskassið/ Dav Pilkey/ JPV útgáfa

4 Djúpríkið/ Bubbi Morthens, Robert Jackson/ Mál og menning

5 Bestu barnabrandararnir/ / Bókautgáfan Hólar

6 Brennan/ Embla Ý. Bárudóttir og Ingólfur Ö. Björgvinsson./ Mál og menning

7 Undir 4 augu/ Þórgímur Þráinsson/ Andi ehf.

8 Gæsahúð 8: Litla líkkistan/ Helgi Jónsson/ Tindur

9 Prinsessubókin/ Nicola Baxter/ Setberg

10 Barist við ókunn öfl/ Eoin Colfer/ JPV útgáfa

ALMENNT EFNI OG HANDBÆKUR

1 Útkall-Týr er að sökkva/ Óttar Sveinsson/ Útkall ehf.

2 Heimsmetabók Guinness/ / Vaka-Helgafell

3 Ísland í aldanna rás 1900-2000/ Illugi Jökulsson o.fl./ JPV útgáfa

4 Súperflórt/ Tracey Cox/ JPV útgáfa

5 Íslendingar/ Sigurgeir Sigurjónsson og Unnur Jökulsdóttir/ Forlagið

6 Kokkur án klæða (þakki)/ Jamie Oliver/ PP forlag

7 Kárahnjúkar/ Ómar Ragnarsson/ JPV útgáfa

8 Íslenski hesturinn/ Gísli B. Björnsson, Hjalti Jón Sveinsson/ Mál og menning

8-9 Lost in Iceland/ Sigurgeir Sigurjónsson/ Forlagið

10 Kjúklingur í hveli/ Anne Wilson/ Áltunga ehf.

ÆVISÖGUR OG ENDURMINNINGAR

1 Barn að eilífu/ Sigmundur Ernir Rúnarsson/ JPV útgáfa

2 Arabíukonur/ Jóhanna Kristjónsdóttir/ Mál og menning

3 Halldór Laxness/ Halldór Guðmundsson/ JPV útgáfa

4 Heilagur sannleikur/ Flosi Ólafsson/ Skrudda

5 Ólöf eskimói/ Inga Dóra Björnsdóttir/ Mál og menning

6 Á vængjum söngsins/ Gylfi Gröndal/ JPV útgáfa

7 Eyjólfur sundkappi/ Jón Birgir Pétursson/ Almenna bókafélagið

8 Sigur í hörðum heimi/ Þórunn H. Sigurjónsd., Guðm. Sesar Magnúss./ Alm. bóka.


9 Átakadagar/ Kolbrún Bergþórsdóttir/ Vaka-Helgafell

10 Héðinn, Bríet, Valdimar og Laufey/ Matthías Viðar Sæmundsson/ JPV útgáfa

Bókabúðir sem tóku þátt í könnuninni

Höfuðborgarsvæðið:
Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi, Mjódd og Siðumúla, Bóksala stúdenta v/Hringbraut, Bókafélíkið, Siðumúla, Bókabúðin Hamraborg, Kópavogi, Eymundsson, Kringlunni og Smáralind, Griffrill, Skeifunni, Hagkaup, Eðistorgi, Kringlunni, Skeifunni, Smáralind og Spönginni, Bónus, Seltjarnarnesi, Kjörgarði, Kringlunni, Holtagörðum, Hraunbæ, Spönginni, Smáratorgi og Hafnarfirði, Íða, Lækjargötu, Nettó, Mjódd og Salavegi, Penninn, Hallarmúla og Kringlunni, Penninn-Eymundsson, Austurstræti og Hafnarfirði, Samkaup-Úrval, Hafnarfirði, Bókabúð Bóðvars, Hafnarfirði

Útan höfuðborgarsvæðisins:
Penninn-Bókabúð Keflavíkur, Keflavík, Bónus, Mosfellsbæ, Njarðvík, Hveragerði, Selfossi, Borgarnesi, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum, Bókaverslun Jónasar Tómassonar, Ísafirði, Hagkaup, Akureyri, Nettó, Akranesi og Akureyri, Penninn-Bókval, v/Hafnarstræti, Akureyri, Penninn-Eymundsson, Glerártorgi, Akureyri, Samkaup-Úrval, Grindavík, Njarðvík, Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík og Húsavík, Bókabúðin Eskja, Eskifirði



Samantekt Félagsvísindastofnunar á sölu bóka, gerð 30. nóv. 2004. Unnið fyrir Morgunblaðið, Félag íslenskra bókautgefenda og Félag bóka- og rittfangaverslana. Kennslubækur eru ekki taldar með, né bækur sem ekki eru í almennri dreifingu.

Morgunblaðið/Jim Smart

Verk bandarísku listakonunnar Elana Herzon á sýningunni Textíllist 2004 á Kjarvalsstöðum.

Textílþræðir úr ýmsum áttum

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum

Textíllist 2004 - NorthHern Fibre V

Sýningin er opin daglega frá kl. 10-17. Henni lýkur 16. janúar.

Það er óneitanlega breitt sviðið sem textíllist nær yfir innan samtímalista. Enda samtvinnun þar, líkt og innan annarra listgreina, víða á góðri leið með að brjóta niður þá múra sem skilja að og hólfa niður í flokka sem e.t.v. þjóna ekki alltaf neinum augljósum tilgangi á vettvangi nútímalista.

Textíllist 2004, sýningin sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum, endurspeglar einkar vel þann mikla fjölbreytileika og breiddina sem innan textíllistarinnar ríkir. Þar má finna verk sem ná allt frá því að kalla fram í hugann handavinnutíma, nýtnar hús-mæður, „kvenleg“ viðfangsefni, og aðrar hefðbundnar og kunnuglegar útgáfur og að nútímalegri textílverkum þar sem frumlegir skúlptúr-ar og innsetningar mara á hinum enda skalans.

Úr hópi síðarnefndu verkanna má nefna risaskúlptúr finnsku listakonunnar Anna Majia Aarras, Orangerie, sem einkar skemmtilegt dæmi um textíl í nýju samhengi. Kúpt, spor-öskjulaga form hulin hvítum, bleikum og vínráðum palliettum í yfirstærð eru sérlega áhrifamikil þar sem þau hanga fyrir enda sýningarrýmisins

og virðast annars heims en þessa, allt eins og þau byggja framandlega vís-indaskáldsögu. Verk Bandaríkja-mannsins Andy Yoder, Risastór númer 2, er e.t.v. öllu heimilislegra og ekki hvað síst ef tilefni myndgerð-arinnar – fæðing barns númer tvö í fjölskyldunni – er haft í huga. En tuskumottuskúlptúrin er þó ekki síður gott dæmi um þær fjölbreytilegu áttir sem textíllistin nú leitar í, þrátt fyrir að hluta til hefðbundna efnismeðferð. Skúlptúrin stendur enda beint út úr einum veggjum salarins og virðist allt að því bjóða þyngdarlög málinu birginn. Vel heppnuð og finleg innanhúss-„náttúra“ Önnu Lindal á þá ekki síður heima í þessum hóp, þar sem og skærilitur garngróður bærist eins og strá í vindi á einni af loftristum mið-rymisisins.

Textíllist 2004 er haldin í tilefni að 30 ára afmæli Textílfélagsins og er sýningin samstarfsverkefni félagsins og Listasafns Reykjavíkur. Áðurnefnd breidd í verkavali er því vel við hæfi, enda textíllinn ekki síður miðill alþýðulistamanna á borð við Atla Viðar Engilberts, sem sýnir litríka þrjónaskó, Gísla Halldórsson sem á þar útsaumsramma eða Hildar Kristínar sem sýnir litríkar og líflegar útsaumsmyndir. Hefðbundin handavinna eins og þeirra er enda grunnurinn sem verk margra lærðra listamanna byggja á og vel til þess fallinn að ná fram jafnvægi á milli hins nýja og þess gamla. Slíkt jafn-

vægi má raunar má finna einkar skemmtileg dæmi um í verkum listamannanna Elena Herzog og Hrafnhildar Arnardóttir. Hin bandaríska Herzog vinnur þannig t.d. með rúmteppi sem hún heftir á vegg, rífur af og heftir á nýjan leik og mótar með því mynstur sem fellt er inn í vegginn ásamt slitnu teppaafgöngunum er kalla fram í hugann eyðingu, slit, söguna og forgengileika efniviðarins. Hárlistaverk Hrafnhildar, Vinstra og hægra heilahvel, er ekki síður áhrifamikill og tengsl þess við söguna engu minni, enda skyldleiki þess við hin hefðbundnu hárlistaverk sem finna má dæmi um á bæði Árbæjar- og Þjóðminjasafni augljós, þó miðillinn fái í meðförum Hrafnhildar á sig öllu kröftuglegri ásýnd þar sem hárið teygir sig á allt að því lífrænan máta út eftir veggnum og kallar fram óhugblandaða lotningu í huga sýningargests.

Tæplega tveggja ára undirbúningsvinna fyrir Textíllist 2004 skilar vel úthugsaðri og vel uppsettri sýningu. En tæplega þrjátíu, innlendir sem erlendir, listamenn voru þar valdir úr hópi tæplega 300 umsækjenda. Með vandlega ígrunduðu vali, þar sem tekist hefur að forðast alla ofhleðslu, er líka horft bjartsýnum augum fram á við án þess að afneita fortíðinni eða þjóðlegum menningar-einkennum listamannanna og þannig byggð upp áhugaverð sýning sem er sannarlega heimsóknarinnar virði.

Anna Sigríður Einarsdóttir

Reuters

Kennedy-listmunir boðnir upp

ÞESSI ljósmynd af fyrrverandi Bandaríkjaforseta, John F. Kennedy, og John jr. syni hans í árabát er meðal mynda sem boðnar verða upp hjá Sotheby's uppboðshúsinu á næsta ári. Verða listmunir af heimilum

Kennedy-fjölskyldunnar í Hyannis Port, Martha's Vineyard, New York-borg, New Jersey og Virginíu seldir hæstbjóðendum á uppboðinu, sem fer fram í febrúar.